Íbúðarhús eyðileggst í bruna á Þórshöfn

ELDUR kviknaði í húsinu Herðubreið á Þórshöfn á Langanesi um kl. 1.30 í fyrrinótt og brann húsið á röskum klukkutíma. Vegfarendur á Þórshöfn sáu allt í einu loga brjótast út um einn glugga á húsinu og skipti engum togum, eldurinn kom í gegnum 4 glugga til viðbótar, líkt og súrefnissprenging hefði orðið í húsinu.

Enginn bjó í húsinu, er eldurinn kom upp, en eigandi þess var nýbyrjaður að breyta því, og var að rífa innviði úr því. Allir innviðir og gólf voru úr tré en veggir steyptir og brann allt sem brunnið gat.

Kjartan Ólafsson lögregluþjónn, á Þórshöfn sagði, er Morgunblaðið hafði samband við hann í gær, að slökkvilið staðarins hefði komið mjög fljótlega á vettvang og greiðlega hefði gengið að slökkva eldinn. Vindátt var hagstæð, þannig að vindur stóð af húsinu út á óbyggt svæði. Ef önnur vindátt hefði verið, er sennilegt að næstu hús hefðu verið í mikilli hættu.

Húsið Herðubreið var reist 1930.


Steingrímur Sigurðsson sýnir að Kjarvalsstöðum

Í DAG kl. 16.00 opnar Steingrímur Sigurðsson listmálari, málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Steigrímur heldur þessa sýningu í tilefni af fimmtugsafmæli sínu, sem var 29. apríl sl. en þetta er 25. sýning hans. Á þessari sýningu eru bæði ný og gömul verk og eru flestar máluðar á síðastliðnu ári. Nokkrar myndanna hafa ekki áður verið sýndar í Reykjavík.

Steingrímur sýndi síðast í Sviþjóð og var það á útmánuðum í vetur, sem hann hélt tvær sýningar þar. Síðastliðið sumar sýndi hann í Eden í Hveragerði en eftir þá sýningu festi Steingrímur kaup á lítilli sendibifreið. Síðan hefur þessi sendibifreið verið hans annað heimili og hefur hann ferðast víða um landið. Hann fór um Norðurland, kom við í Hrútafirði og Víðidal og sótti Akureyringa heim. Á ferðum sínum dvaldi hann töluvert í Borgarfirði. Þá var hann tíður gestur á Þingvöllum og Laugarvatni. Á þessum ferðum sínum hefur Steingrímur málað fjölda mynda en vegalengdin, sem hann hefur ekið er um 6000 km.

Eins og áður sagði eru á sýningunni bæði gamlar og nýjar myndir. Steingrímur hefur á ferli sínum málað töluvert af andlitsmyndum og á sýningunni gefur að líta nokkrar þeirra. Suðurnesin hafa lengi verið viðfangsefni hjá Steingrími en að sögn hans hefur samspil sjávarins og hinnar sérkennilegu náttúru Suðurnesja haft mikil áhrif á hann.

Sýning Steingríms að Kjarvalsstöðum verður opin daglega kl. 15 — 22 nema helgina 16. — 17. ágúst þá verður hún opin kl. 15 — 24. Þetta er fyrsta sýning Steingríms Sigurðssonar að Kjarvalsstöðum.




Steingrímur Sigurðsson, listmálari, var í óða önn að undirbúa sýningu sína, þegar ljósmyndari Mbl. heimsótti hann að Kjarvalsstöðum í gær. Og hér stendur hann við mynd af innsiglingunni í Grindavíkurhöfn. Ljósm. Ól.K.M.

Norræn ráðstefna um aðstoð við þróunarlöndin

NORRÆN ráðstefna um aðstoð við þróunarlöndin hefst á Hótel Sögu á mánudag og stendur fram á þriðjudag.

Ráðstefnan er tvíþætt, annars vegar fundur formanna opinberra stofnana á Norðurlöndunum, sem sjá um aðstoð við þróunarlöndin, og hins vegar stjórnarfundur vegna samnorrænna verkefna í Kenya og Tanzaníu í Afríku, sem Ísland er aðili að og allmargir Íslendingar starfa nú við.

Þátttakendur verða um 30 frá hinum Norðurlöndunum og fjórir Íslendingar, þeir Ólafur Björnsson prófessor, Jón Kjartansson forstjóri og Ólafur Einarsson menntaskólakennari, sem eiga sæti í stjórn Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin, og Björn Þorsteinsson cand. mag., sem er starfsmaður stjórnarinnar. — Nú munu ellefu Íslendingar vera í Kenya og Tanzaníu eða í þann veginn að fara þangað til starfa á vegum þeirrar alþjóðlegu stofnunar, sem sér um aðstoð við uppbyggingu þar.



Geir Hallgrímsson forsætisráðherra og Karl prins af Wales við Stjórnarráðið í gær.

Karl prins skoðaði Reykjavík í gær

Veiddi 28 laxa í Hofsá í Vopnafirði

KARL prins af Wales kom til Reykjavíkur síðdegis í gær frá Vopnafirði, þar sem hann hefur verið við laxveiði frá því á sunnudag. Prinsinn gekk í gær á fund Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra, ók um Reykjavíkurborg, skoðaði þjóðminjasafnið og Árbæjarsafn og sat í gærkvöldi kvöldverðarboð forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum. Prinsinn heldur utan til Bretlands árdegis í dag.

Karl prins var við laxveiði í Hofsá í Vopnafirði fram til klukkan eitt í gær. Á þeim 4½ degi, sem hann stundaði veiði þar, dró hann alls 28 laxa á land, alla á flugu, og er þetta ágæt veiði. Strax að veiðinni lokinni í gær hélt hann út á Vopnafjarðarflugvöll, þar sem flugvél frá Vængjum beið hans og flutti hann síðan til Reykjavíkur. Ekki gaf Karl sér tíma til að borða á Vopnafirði, heldur tók með sér nesti í flugvélina og borðaði það á leiðinni suður.

Prinsinn sagði áður en hann fór frá Vopnafirði í gær, að þessir dagar væru fyrstu frídagar hans á þessu ári og hér hefði hann haft algjört næði. Þá lét hann þess getið, að hann hefði áhuga á að koma aftur til Íslands í laxveiði.

Flugvél Vængja lenti á Reykjavíkurflugvelli um kl. 16.20 og hélt Karl prins þaðan beint í Stjórnarráðið við Lækjartorg, þar sem hann gekk á fund Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra. Ræddust þeir við í um hálfa klukkustund. Síðan hélt Karl í Þjóðminja-

Framhald á bls. 31



Er Karl prins kom til Vopnafjarðarflugvallar laust eftir hádegið í gær, hafði safnazt saman þar talsverður fjöldi fólks til að taka af honum myndir og kveðja hann.

Afhenti líkan af prestssetrinu Vallanesi um aldamót 1900

MORGUNBLAÐINU hefur borizt fréttatilkynning frá ríkisstjórninni um helztu gjafir, sem afhentar hafa verið í tilefni 100 ára afmælis Íslendingabyggðar í Vesturheimi og er hún svohljóðandi:

„Dr. Kristján Eldjárn forseti Íslands heldur í dag ásamt föruneyti sínu frá Winnipeg til Vancouver á Kyrrahafsströnd Kanada. Í kveðjumóttöku, sem forseti efndi til í Winnipeg í gær, afhenti hann Þjóðræknisfélagi Íslandinga í Vesturheimi að gjöf frá íslenzku þjóðinni, líkan af prestssetrinu Vallanesi á Fljótsdalshéraði með kirkju, bæjarhúsum og útihúsum, eins og það var um aldamótin 1900.

Líkanið er í hlutfallinu 1:65. Það er gert eftir nákvæmum lýsingum sr. Magnúsar Bl. Jónssonar, sem var prestur í Vallanesi 1892—1925, og minni sonar hans Páls Magnússonar í Reykjavík. Sonur Páls, listamaðurinn Magnús Pálsson, hefur gert líkanið í nánu samráði við föður sinn.

Afsteypur af líkaninu munu verða varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands og minjasafni Austurlands.

Í ræðu þeirri, er Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, flutti á Íslendingadeginum að Gimli mánudaginn 4. ágúst skýrði hann frá því, að ríkisstjórnin hefði ákveðið eftirfarandi í tilefni af 100 ára afmæli byggðar Íslendinga í Manitoba:

1. Að veita Sagnfræðistofnun háskólans ákveðna fjárhæð til að láta fullvinna og gefa út svo fljótt

Framhald á bls. 31

Sérfræðingar settir við Raunvísindastofnun

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ hefur sett eftirtalda sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans:

Dr. Reyni Axelsson í stærðfræðistofu, Guðrúnu Ólafsdóttur cand. pharm. og Kristján Linnet cand. pharm. í efnafræðistofu, Helga Björnsson cand. real. í jarðfræðideild jarðvísindastofu og Pál Einarsson M. Phil. í jarðeðlisfræðideild jarðfræðistofu.

Þá hefur ráðuneytið framlengt setningu eftirtalinna sérfræðinga við Raunvísindastofnunina: Dr. Jónas K. Arasonar og dr. Ketils Ingólfssonar við stærðfræðistofu, dr. Rögnvalds Ólafssonar og dr. Vésteins R. Eiríkssonar í eðlisfræðistofu og Sigrúnar Helgadóttur í reiknistofu.

Rannsókn haldið áfram

RANNSÓKNARLÖGREGLAN í Kópavogi vinnur áfram að rannsókn á máli gamla mannsins sem situr í gæzluvarðhaldi vegna gruns um kynferðisafbrot gagnvart ungum piltum. Verður málið æ umfangsmeira að sögn lögregluyfirvalda, en þau hafa að öðru leyti ekki viljað tjá sig frekar um málið.